

ERLEND TUNGUMÁL - Danska

Metanleg hæfniviðmið þrep 3

Hlustun

Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi.
Nýtt sér skilning sinn í ræðu og riti.
Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og bregðist við efni þeirra.
Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni.
Fylgt þræði í myndefni og hlustunarefni, segi frá og vinni úr.
Hlustað eftir einstökum, jafnvel nákvæmum, atriðum þegar þörf krefur, bregðist við og vinni úr.

Lesskilningur

Lesið sér til gagns og ánægju texta af ýmsum gerðum með nokkuð fjölþættum orðaforða.
Aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér i verkefnavinnu.
Greint megininntak texta, brugðist við efninu, sagt frá eða unnið með á annan hátt.
Skilið leiðbeiningar og upplýsingar úr texta og brugðist við á viðeigandi hátt

Samskipti

Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál og daglegt líf.
Tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum.
Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum.
Tekið þátt í skoðanaskiptum og fært einföld rök fyrir máli sínu.
Tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Frásögn

Tjáð sig hnökralítið um eigin reynslu eða skoðanir.
Tjáð sig áheyrilega um þekkt málefni.
Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni.
Flutt kynningu á efni, tengdu náminu, sjálfstætt eða í félagi við aðra.
Svarað spurningum annarra varðandi efni sem hefur áður verið flutt.

Ritun

Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi s.s. gátlista og fyrirmælum.
Skrifað um og brugðist við því sem hefur verið lesið, séð og heyrt.
Skrifað ýmsar gerðir af textum bæði formlega og óformlega með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarlæsi

Sýnt fram á að þekkingu á siðum og hefðum viðkomandi mál- og menningarsvæðis.
Sýnt fram á skilning og þekkingu á uppruna og samsetningu þegna á viðkomandi málsvæði.
Gert sér grein fyrir því sem er sameiginlegt og frábrugðið eigin aðstæðum hvað menningu og mannlíf varðar.
Gert sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.

Námshæfni

Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu.
Beitt sjálfsmati á raunsæjan hátt.
Tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veiti sanngjarna endurgjöf.
Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.
Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýni öðrum tillitsemi.
Unnið sjálfstætt og undir leiðsögn.
Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. orðabækur, uppflettirit og leitarvélar.

Málfræði

Beitt reglum um óákveðinn og ákveðinn greini
Beitt reglum um persónufornöfn.
Beitt reglum um eignarfornöfn.
Beitt reglu um afturbeygð fornöfn.
Greint nafnorð, kyn þeirra og tölu.
Greint sagnorð, regluleg, óregluleg og núpáleg.
Beitt reglum er varða tíðir sagnorða.
Beitt reglum um lýsingarorð.
Beitt töluorðum.
Nýtt sér orðabækur og aðra gagnabanka sér til gagns.
Nýtt þekkingu sína á orðflokkum til að skrifa setningar og málsgreinar.